

**Ed.**

**702. Breytingartillögur**

[18. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, með áorðnum breytingum.

Frá meiri hl. kosningalaganefndar.

1. Við 11. gr.
  - a. Við 1. mgr. bætist: Nú eru fyrirskipaðar kosningar með svo stuttum fyrirvara að þetta verður ekki gert og skal þá birta auglýsingu þessa innan þriggja sólarhringa eftir að kosningar eru fyrirskipaðar.
  - b. Orðin „og þremur dögum“ í 1. másl. 2. mgr. falli brott.
  - c. 3. mgr. orðist svo:

Breytingar á auglýsingu ráðuneytisins og viðauka við hana skal þegar birta með auglýsingu og tilkynna landskjörstjórn og yfirkjörstjórnnum.
2. Við 35. gr. Aftan við 1. tölul. 3. mgr. 113. gr. bætist: Þessum áfanga lýkur jafnskjótt og ekki finnast fleiri slíkar atkvæðatölur, enda hafi ákvæði d-liðar 2. mgr. áður verið beitt ef við á.
3. Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný mgr. svohljóðandi:

Við þær kosningar skal frestur til að koma fram með kæru vegna kjörskrár, sbr. 20. gr. laga þessara, vera til 6. apríl og skal sveitarstjórn skera úr aðfinnslum við kjörskrána á fundi, sbr. 1. mgr. 21. gr., eigi síðar en 13. apríl.